



Reykjavík, 10. september 2024  
MSS24020130

Forsætisnefnd

## **Efni: Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis um tvær kvöldopnanir á viku í sértæku félagsmiðstöðinni Öskju**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 26. ágúst 2024 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. apríl 2024, þar sem svohljóðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Bústaða og Háaleitis, sbr. 5. lið fundargerðar borgarstjórnar dags. 27. febrúar 2024, er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs, ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 30. júlí 2024:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að vinna tillögu að breytingu á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar Öskju þannig að hægt sé að vera með tvær kvöldopnanir vikulega frá og með hausti 2024.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti skóla- og frístundaráðs er sammála um mikilvægi öflugs félagsmiðstöðvastarfs og er framúrskarandi starf unnið í félagsmiðstöðinni Öskju. Að svo stöddu er þó ekki til fjármagn til að auka við kvöldopnanir félagsmiðstöðvarinnar Öskju. Núna er ein kvöldopnun í viku og mun sviðið eftir fremsta megni halda henni inni áfram en ekki er möguleiki á að auka í tvær og því er ekki hægt að koma til móts við þessa tillögu. Að því sögðu er rétt að brýna að afar mikilvægt er að leggja áherslu á samráð um framtíð þessarar þjónustu við ungmennaráð og félagsmiðstöðvar í Reykjavík.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun: Mikilvægt er að komið verði til móts við börn sem sækja félagsmiðstöðina Öskju með tveimur kvöldopnunum þannig að þau sitji við sama borð og önnur börn í borginni. Gætt verði að því að hagræðingarkröfur bitni ekki á þessum hópi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista telur það þyngra en tárum taki að ráðið hafni þremur tillögum ungmennaráðs sem allar vísuðu til brýnnar þarfar sem þarf að mæta en stranda á fjármagni þegar það er sannarlega þörf til staðar og vilji til að mæta þeirri þörf.



**Reykjavík**



Það hefði virkilega stuðlað að valdeflingu og reisn bæði kjörinna fulltrúa og ungmennaráðs að taka betur utanum þessi mál og setja þau í forgang.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs